



HRUNAMANNAHREPPUR

**41. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 10. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 3. OKÓTBER 2017
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2017, þann 3. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir tvö mál, fundargerð 17. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 28. september s.l. og fundargerð 18. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 28. september s.l. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.
2. Hrunaljós: Niðurstaða útboðs.
3. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
4. Veiðifélag Árnesinga: Fiskirækt í Stóru-Laxá.
5. Orkustofnun: Rannsóknarleyfi.
6. Alþingiskosningar 28. október nk. og utankjörfundaratkvæðagreiðsla.
7. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. Umsóknir um rekstrarleyfi vegna veitinga og gistingu í hálendismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum.
8. KPMG. Greiningarkýrsla vegna skoðunar á sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu. -ligger frammi á fundinum-

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

9. Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 5. september s.l.
10. Skólanefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 5. september s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

11. Fundargerð 140. fundar skipulagsnefndar frá 14. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september s.l.
Mál nr. 16 Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september s.l.
12. Fundargerð 141. fundar skipulagsnefndar frá 28. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september s.l.
Mál nr. 18. Holtabyggð 110: Umsögn vegna rekstrarleyfis.
Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september s.l.
13. Skólalápnustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 23. fundar frá 13. september s.l.
14. NOS: Fundargerð frá 4. september s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Almannaþingir Árnessýslu: Fundargerð 20. fundar framkvæmdaráðs frá 19. september s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 181. fundar frá 22. september s.l.
- c. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 29. ágúst s.l.
- d. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 19. september s.l.
- e. SASS: Fundargerð 523. fundar stjórnar frá 7. og 8. september s.l.
- f. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. 182. Fundur fagráðs frá 4. September s.l.

Kynningarmál:

- g. Vegagerðin. Unnarholtskotsvegur nr. 3475.
- h. Akurgerði: Verkfundargerð 3. verkfundar.
- i. Óskar Sigurðsson: Persónuverndarúttekt-kynning
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 852. fundar stjórnar frá 1. september s.l.

Fundir á næstunni:

- k. Ársfundur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 4. október á Hilton Reykjavík Nordica.
- l. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 5. og 6. október n.k.
- m. Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga 10.-11. október n.k.
- n. Aðalfundur NOS 11. október n.k.
- o. Húsnæðisþing 2017 8. nóvember.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.

Þann 23. maí s.l. sendi Hrunamannahreppur erindi til Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir yfirferð stofnunarinnar vegna staðfestingar á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga. Með bréfi Skiplagsstofnunar þann 1. september s.l. beindi Skipulagsstofnun því til sveitarfélagsins að yfirfara nokkur atriði sem þyrfti að bregðast við og bæta úr til að hægt væri að staðfesta aðalskipulagið. Lögð eru fram viðbrögð sveitarfélagsins við ábendingum Skipulagsstofnunar en á fundinn mætti Ásgeir Jónsson skipulagsráðgjafi og fer yfir þau atriði sem bætt hefur verið úr. Er aðalskipulagið nú lagt fram með minniháttar breytingum til að koma til móts við ýmsar athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að aðalskipulagi eins og hún er hér lögð fram Er skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagið til staðfestingar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Hrunaljós: Niðurstaða útboðs.

Oddviti kynnti niðurstöður útboðs vegna lagningar á ljósleiðara í sveitarfélaginu á vegum Hrunaljóss. Í verkið bárust þrjú tilboð. Frá Gröfutækni ehf að fjárhæð kr. 147.815.800, Þjótanda að fjárhæð kr. 173.232.532 og Árna ehf að fjárhæð kr. 197.554.500. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 155.529.200. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Gröfutækni ehf og felur sveitarstjóra að undirrita samning vegna þess.

3. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Oddviti fór yfir lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir Hrunaljós vegna lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Hrunaljóss hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 30.000.0000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánssamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánssamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til lagningar á ljósleiðara í sveitarfélaginu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps og Hrunaljóss að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

4. Veidifélag Árnesinga: Fiskirækt í Stóru-Laxá.

Oddviti kynnti umsókn Veidifélags Stóru-Laxá um að flytja hrygningarlax á ólaxgeng svæði í Stóru-Laxá. Fyrir liggur jákvæð umsögn Veidifélags Árnesinga og Fiskistofu. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

5. Orkustofnun: Rannsóknarleyfi.

Oddviti kynnti erindi frá Orkustofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitastjórnar til veitingar rannsóknarleyfis til handa Landsvirkjun vegna áætlana um mögulega virkjun á efsta vatnasviði Stóru-Laxár. Um er að ræða endurnýjun á rannsóknarleyfi sem rann út í lok árs 2016. Sveitarstjórn telur að framkvæmd sem þessi hafi neikvæð áhrif á ósnortna náttúru svæðisins sem og á veiði- og vatnasvið Stóru-Laxár. Það er yfirlýst stefna og vilji sveitarstjórnar að náttúrufegurð og sérstaða vatnasviðs Stóru-Laxár og hinna einstöku Laxárgljúfra verði í engu ógnað og leggst því alfarið gegn útgáfu rannsóknarleyfis.

6. **Alþingiskosningar 28. október nk. og utankjörfundaratkvæðagreiðsla.**
Oddviti fór yfir upplýsingar vegna Alþingiskosninga 28. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir að kjörstaður verði í félagsheimili Hrunamanna og verði opinn frá 10:00-22:00. Þá verður einnig boðið upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem auglýst verður síðar á opnunartíma skrifstofu Hrunamannahrepps.
7. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi. Umsóknir um rekstrarleyfi vegna veitinga og gistingu í hálandismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Fannborgar ehf um annars vegar rekstrarleyfi vegna veitinga og hins vegar vegna gistingu í hálandismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir erindin.
8. **KPMG. Greiningarskýrsla vegna skoðunar á sameiningu sveitarfélaga í Árnassýslu.**
Oddviti kynnti niðurstöður greiningarskýrslu sem KPMG gerði vegna skoðunar á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu. Sveitarstjórn telur að um góða og gagnlega vinnu sé að ræða og í skýrslunni séu fróðlegar upplýsingar sem gætu nýst í framtíðinni.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

9. **Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 5. september s.l**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar skólanefndar vegna æskulýðsmála. Farið var skipun í ungmennaráð Hrunamannahrepps og farið yfir starfsáætlun vetrarins. Í Ungmennaráð Hrunamannahrepps voru skipuð af hálfu skólanefndar Bartek Lacek, Sigríður Helga Steingrímsdóttir og Viktor Máni Sigurðarson og til vara Brynja Sólveig Pálsdóttir, Rúnar Guðjónsson og Anna Marý Karlsdóttir. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
10. **Skólanefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 5. september s.l**
Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra og umsókn um vistun barns undir 18 mánaða aldri. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

11. **Fundargerð 140. fundar skipulagsnefndar frá 14. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 140. fundar skipulagsnefndar frá 14. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 16 Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september s.l.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september s.l.
12. **Fundargerð 141. fundar skipulagsnefndar frá 28. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september s.l.**
Mál nr. 18. Holtabyggð 110: Umsögn vegna rekstrarleyfis.
Lögð var fram til skoðunar umsókn um rekstrarleyfi í fl. II vegna gistingu í frístundahúsi á lóðinni Holtabyggð 110. Lóðin er skilgreind sem frístundalóð en í gildandi deiliskipulagi kemur fram að umrædd hús séu ætluð til útleigu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir rekstrarleyfi vegna hússins í samræmi við fyrirliggjandi umsókn í ljósi þess að það kemur skýrt fram í gildandi deiliskipulagi svæðisins að húsin séu ætluð til útleigu. Tekur þessi ákvörðun bæði til Holtabyggðar 110, matshluta 07-08-1708059 (Mosás 4) og Holtabyggðar 110, matshluta 01-02-1708060 (Mosás 1).
Í ljósi ofangreindra skilmála í deiliskipulagi veitir sveitarstjórn jafnframt jákvæða umsögn til Sýslumannsins á Suðurlandi um veitingu á nýju rekstrarleyfi vegna heimagistingu í Mosási 1 og Mosási 4 og breytir þar með ákvörðun sinni frá síðasta sveitarstjórnarfundi.
Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september s.l.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september s.l.

13. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 23. fundar frá 13. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 23. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var lögð fram til kynningar ársskýrsla fyrir 2016, hæstaréttardómur vegna ferðaþjónustu fatlaða og kynnt nýtt tilvísunarferli til skólaþjónustunnar. Þá voru lögð fram drög að endurnýjuðum reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks og lögð fram til kynningar könnun á framgöngu sameiginlegra markmiða skóla- og skólaþjónustu 2014-2017 auk trúnaðarmáls. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og samþykkir nýja gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

14. NOS: Fundargerð frá 4. september s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð frá 4. september s.l.. Þar var farið yfir verkefni vetrarins og faglegt starf innan SVÁ, hæstaréttardóm í máli Sólheima gegn SVÁ, húsnæðismál og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

15. Fundargerð 17. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 28. september s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, framkvæmd umbóta vegna ytra mats, starfsáætlun 2017-2018, læsisstefnu og fundartíma skólanefndar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

16. Fundargerð 18. fundar skólanefndar vegna Undralands

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 28. september s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, framkvæmd umbóta vegna ytra mats, starfsáætlun 2017-2018, sérkennslustefnu Undralands, vistunarmál, læsisstefna og fundartími skólanefndar. Fyrir liggur beiðni Bláskógabyggðar um tímabundna vistun fyrir 4 leikskólabörn. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur leikskólastjóra og sveitarstjóra að útfæra lausnir á grundvelli þess að um tímabundna lausn sé að ræða fyrir skólaárið 2017-2018. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Almannaþingir Árneshvíls: Fundargerð 20. fundar framkvæmdaráðs frá 19. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 181. fundar frá 22. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Brunavarnir Árneshvíls: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 29. ágúst s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Brunavarnir Árneshvíls: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 19. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. SASS: Fundargerð 523. fundar stjórnar frá 7. og 8. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Fagráð Tónlistarskóla Árneshvíls. 182. Fundur fagráðs frá 4. September s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

g. Vegagerðin. Unnarholtskotsvegur nr. 3475.

Lagt fram til kynningar.

h. Akurgerði: Verkfundargerð 3. verkfundar.

Lagt fram til kynningar.

i. Óskar Sigurðsson: Persónuverndarúttekt-kynning

Lagt fram til kynningar.

j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 852. fundar stjórnar frá 1. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

Fundir á næstunni:

k. Ársfundur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 4. október á Hilton Reykjavík Nordica.

Lagt fram til kynningar.

l. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 5. og 6. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

m. Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga 10.-11. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

n. Aðalfundur NOS 20. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

o. Húsnæðisþing 2017 8. nóvember.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.55.